

2. des. 2021

20555

Dreifing

Smári Smáráson, Kópavogsbær

Höfundur

SÓ

Yfirfarið/Samþykkt

GMH


Tílefni

Dalvegur – Samgöngugreining

Full uppbygging við Dalveg 30 og áhrif á umferð á Dalvegi

1**Inngangur**

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsstjóri hjá Kópavogsbæ óskaði eftir því að VSÓ Ráðgjöf skoðaði og tæki saman helstu atriði varðandi mögulegar breytingar á umferð á Dalvegi vegna áhrifa fyrirhugaðrar uppbyggingar á Dalvegi 30. Athugun skuli miða við heildarmagn uppbyggingar á reitunum Dalvegi 30- Dalvegi 32 og gera ráð fyrir tengingu yfir grænt svæði milli Dalvegar 28 og 30 með eða án tengingar milli Dalvegar 30 og 32.



Mynd 1 Afstöðumynd þeirrar skipulagstillögu sem nú liggur fyrir varðandi Dalveg 30. Hér er til umfjöllunar full uppbygging allra reitanna þriggja, þ.e. nr. 30, 30a og 30b, samtals um 16.500 m².

2 Samantekt niðurstöðu

Hér eru settar fram niðurstöður greiningar á áhrifum á umferð við Dalveg vegna þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögum.

Af rýni og greiningu fyrirbyggjandi gagna er það mat ráðgjafa að Dalvegurinn mun ráða við þá auknu umferð sem uppbyggingunni fylgir. Umferð um Dalveginn mun aukast um u.þ.b 2.000 bíla á sólarhring vegna aukinnar starfsemi á lóðunum. Aukningin er hins vegar ekki líkleg til að fara yfir umferðarrýmð vegarins. Fyrirhuguð tenging milli Reykjanesbrautar og Dalvegur mun hafa veruleg áhrif til bóta, sérstaklega með tilliti til umferðarþunga um gatnamót Dalvegur-Nýbýlavegar.

Færsla safngötu norður fyrir hús er jákvæð fyrir umferðarmagn á Dalvegi.

3 Greining

Helstu forsendur sem greiningin byggir á eru samkvæmt kynningargögnum deiliskipulagstillögu (Kópavogur, 2020) og fyrri minnisblöðum frá VSÓ Ráðgjöf um málið (VSÓ Ráðgjöf, 2018,2020a,2020b). Á mynd 2 má sjá tölur fyrir núverandi umferðarmagn á Dalvegi byggt á kortlagningu með umferðarlíkani.




Mynd 2 Núverandi sólarhringsumferð á Dalvegi byggt á talningum og kortlagningu umferðar með umferðarlíkani.

Heildaruppbyggingarmagn á Dalvegi 30 samkvæmt deiliskipulagstillögu er að hámarki 16.500 m² og er það að langstærstum hluta verslunar- og þjónustuhúsnæði. Það skiptist þannig að á Dalvegi 30 verða 10.500 m² og 3.000 m² á 30a og 30b hvorum um sig. Gert er ráð fyrir að Dalvegur 30 verði fyrsti hluti framkvæmdanna og rísi því fyrst. Ef gert er ráð fyrir að allt húsnæðið verði skilgreint sem verslunar- og skrifstofuhúsnæði má samkvæmt forsendum umferðarlíkans höfuðborgarsvæðisins gera ráð fyrir að umferðarsköpun reitsins verði um 4.600 bílar/sólarhring.

Tafla 1: Umferðarsköpun vegna uppbyggingar á Dalvegi 30

Reitur	Uppbyggingarmagn [m2]	Umferðarsköpun (bílar/sólarhring)
Dalvegur 30	10.500	3000
Dalvegur 30a	3.000	800
Dalvegur 30b	3.000	800
Samtals	16.500	4.600

Í eftirfarandi spá er til einföldunar/öryggis sleppt tengingu milli lóða 30 og 32 (þó hún muni að einhverju marki létta á umferð á Dalvegi þegar hún kemur) sem leiðir til að öll umferðin að/frá reitnum fer annars vegar um tengingu við norðanverðan reitinn við Dalveg og hins vegar um tengingu til vesturs yfir græna svæðið að Dalvegi 28. Á mynd 3 eru settar fram niðurstöður umferðarreikninga sem byggja á þessum forsendum.



Mynd 3 Niðurstöður umferðarreikninga miðað við fullbyggða reiti að Dalvegi 30, 30a, 30b og 32.

Þegar ekki er gert ráð fyrir tengingu milli lóða Dalveg 30 og 32 má gera ráð fyrir nokkru minni umferð en annars væri innan lóðarinnar þar sem gegnumumferð verður minni. Umferð að/frá Dalvegi 30 skiptist nokkuð jafnt til norðurs og til vesturs yfir græna svæðið, þó heldur meira norðanmegin enda liggur sú tenging betur við megin umferðarstraumum sérstaklega umferðar á leið í norðurátt.


Mat ráðgjafa er að gata af þeirri gerð sem Dalvegurinn er muni vel ráða við þá auknu umferð sem uppbyggingunni fylgir. Nýja tengingin og safngatan gera að verkum að umferð um Dalveginn eykst hóflega og umferðarrýmnd hans ræður vel við þessa aukningu.

Ný og bætt tenging milli Reykjanesbrautar og Dalvegurinn léttir á gatnamótum Dalvegur og Nýbýlavegar þar sem umferð er orðin nokkuð þétt.

4 Framtíðarsýn fyrir Dalveg

Með tilkomu nýrrar tengingar milli Reykjanesbrautar og Dalvegar og hringtorgs við Dalveg opnast möguleikar á að fækka vinstri beygjum á/af Dalvegi en með færri vinstri beygjum minnka líkur á biðraðamyndun. VSÓ hefur skoðað hvernig gatnakerfið lítur út og hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að gera það skýrara og skilvirkara með tiltöluleg einföldum aðgerðum. Eftirfarandi skýringarmynd sýnir hvernig hægt væri að endurskoða gatnamótin og tengja safngötuna þannig að álag á gatnamót verður jafnara og dreifing umferðar betri. Með þessum aðgerðum ætti umferð um Dalveg að fljóta betur og hraðir verða jafnari og þar með afkastageta betri.

Sömuleiðis hefur einföldun vegarins jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Í því ljósi má athuga að loka nokkrum hægri framhjáhlaupum inná bílastæði þar sem bílar geta þverað gangbrautir á óþarflega miklum hraða.



Mynd 4 Yfirlit yfir mögulega framtíðarútfærslu Dalvegar – sér í lagi tengingar inná lóðir

5 Heimildir

Kópavogur (2020). Breytt deiliskipulag á Dalvegi – kynningarfundur. Fundargerð og kynningargögn. 26. mars 2020

VSÓ Ráðgjöf (2018). *Dalvegur 30. Áhrif uppbyggingar á umferð* (minnisblað), dags. 11.10.2018

VSÓ Ráðgjöf (2020a). *Dalvegur 30 – samgönguskipulag. Umfang uppbyggingar við Dalveg* (minnisblað), dags. 27.01.2020

VSÓ Ráðgjöf (2020b). *Dalvegur 32 – Svör við athugasemdum* (minnisblað), dags. 11.10.2020